

Einstaklingsmiðað námsmat

Verkefnið:

Kennarar vinna í hópum að sjálfvöldu verkefni sem felur í sér skipulega útfærslu á tiltekinni námsmatsaðferð. Markmiðið er að prófa áhugaverða aðferð eða skipulag með markvissum hætti í því skyni að hægt sé að draga að því einhvern lærdóm. Gögnum um verkefnið er haldið til haga og mat lagt á starfið. Í lokin er skilað stuttri skýrslu, bæði skriflega (gjarnan þannig að hún geti verið aðgengileg á vef) og munnlega (á innanhúsráðstefnu vorið 2007). Í þessu verkefni stefnum við að því að læra hvert af öðru um leið og við vinnum skipulega að því að bæta námsmatsaðferðir skólans!

Heiti verkefnisins:

Ég kem í skólann til að læra

Þátttakendur:

Nemendur í 3. - 6. bekk, ásamt foreldrum og umsjónarkennurum.

Skilgreining / afmörkun

Námsmöppur, leiðsagnamat og foreldrasamstarf.

Meginmarkmið

- einstaklingsmiðað námsmat sem stuðlar að framförum og aukinni ábyrgð nemenda
- fjölbreytt námsmat.
- að sjá hvernig færni nemenda þroskast og þróast
- markvissara foreldrasamstarf
- Nýta leiðsagnamat í viðtölum við foreldra til að sýna framfarir nemenda
- Að nemendur eignist möppuna við lok grunnskólagöngu og geti sjálfir gert sér grein fyrir hvernig verk þeirra hafa þróast og þroskast með árunum.

Útfærsla

- Rúllandi foreldraviðtöl þar sem matslistar eru notaðir markvisst.
- Námsmatsaðferðir ákveðnar samhliða markmiðssetningu.
- Áformstímar þar sem vikulega er farið yfir námsstöðu hvers og eins og kennari skráir hjá sér hvort nemandi hefur klárað áform síðustu viku. Einnig gefur kennari skriflega endurgjöf á vikuna sem nemandi heldur eftir í áformsmöppunni.
- Sjálfsmat, jafningjamat, gátlistar kennara, dagbóarskrif nemenda.

- Sýnismöppur – sýnismöppudagur að vori, nem. fara yfir sýnismöppu sína með foreldrum.

Í sýnismöppu eiga að koma eftirfarandi þættir hjá 3. - 6. bekk

- ✓ Sýnishorn af skrift að vori og hausti
- ✓ Tvær til þrjár sögur á ári
- ✓ Sérstök verkefni sem mætti taka ljósmyndir af eða ljósrit úr öllum námsgreinum
- ✓ Þrjú hefti sem innihalda mismunandi dyggðir
- ✓ Tvö stærðfræðiverkefni
- ✓ Upptaka af einu áhugasviðs- eða hópverkefni.
- ✓ A.m.k. eitt mat á áhugasviðsverkefni
- ✓ Sjálfsmat
- ✓ Blóm með gullkornum
- ✓ Annað sem er verðugt að hafa í möppunni.
- ✓ Sjálfsmynd að vori og hausti (3. og 4. bekkur)

Mat

Fá mat foreldra í vor á leiðsagnamati og sýnismöppum nemenda

Dagbækur (nemendur og kennarar)

Mat nemenda í vor

Umræður og skýrslugerð hópsins

Mat Birnu og Ingvars eftir heimsókn í skólastofuna